

Ábyrgðarskilmálar:

Almennt

Ábyrgðarskilmálarnir í þessari yfirlýsingu, að því leyti sem lög leyfa, undanskilja ekki, takmarka eða breyta heldur eru til viðbótar lögbundnum réttindum sem gilda um sölu viðkomandi vöru. Í samræmi við lög um neytendakaup, nr. 48/2003 er kvörtunar frestur fimm ár ef um er að ræða smásölu stærri raftækja sem ætla má að hafi lengri líftíma til neytenda. Ef um er að ræða sölu til annara lögaðila s.s. fyrirtækja og stofnanna er ábyrgðartíminn, þ.e. tímamörk til að bera fyrir sig galla á seldri vöru eitt ár frá því að seldum hlut var veitt viðtaka nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Ábyrgðin nær ekki yfir:

- Rekstrartengdar vörur (síur, olíur, kælimiðil o.p.h.);
- Kostnað vegna ferða og vinnu vegna ísetningar varahluta;
- Bilana vegna utanaðkomandi aðstæðna. (force majeure);
- Auka- eða varahluta sem settir eru í eða breytt af öðrum en viðurkenndum þjónustuaðila;
- Bilana vegna rangra tenginga eða vanrækslu á viðhaldi og þjónustu s.s. óþrifa;
- Bilana eða truflana í rekstri vegna rangrar notkunar;
- Bilana vegna truflana á rafveitu, vatnslögnum eða hindrunar á loftflæði;
- Bilana eða rekstrartruflana sem verða vegna bilana í tengdum búnaði frá þriðja aðila;

Sama gildir um bilanir vegna breytinga á tækinu, stillinga á stjórnþúnaði eða þjónustu við það sem unnin er af öðrum en viðurkendum aðilum.

Fujitsu loft í loft og Waterstage loft í vatn *split-type* varmadælur

5 ára ábyrgð er á öllum varahlutum í **loft í loft og Waterstage split- type varmadælum frá Fujitsu**. Ábyrgð þessi gildir um alla varahluti sem sannanlega þarf að skipta út vegna galla á ábyrgðar tímanum og takmarkast við eðlilegan rekstur tækisins. Vanræksla við þjónustu og umhirðu tækisins sem tiltekin er í notendahandbók sem og aðstæður í umhverfinu sem ekki geta talist eðlilegar við rekstur tækisins geta valdið niðurfellingu á ábyrgð seljanda. Sama gildir um breytingar á tækinu eða þjónustu við tækið sem unnin er af öðrum en viðurkendum þjónustuaðila. Ábyrgðartíminn hefst við afhendingu vöru eða útgáfu reiknings og framvísa verður honum í þeim tilvikum sem um ábyrgðartjón er að ræða.

Fyrsta ár ábyrgðartímans nær ábyrgðin bæði til varahluta og viðgerðar sé tækið innan bæjarmarkna afhendingarstaðar (höfuðborgarsvæðið) annars gildir að allur kostnaður vegna ferða og upphalds vegna viðgerðar og sendingarkostnaður varahluta greiðist af kaupanda.

Fjögur seinni ár ábyrgðartímans nær ábyrgðin einungis til afhendingar nýs varahlutar á aðsetri seljanda eða ef tækið er utan bæjarmarka seljanda til móttökustöðvar viðurkenndra flutningsaðila. Ábyrgðin nær þá ekki til ísetningar.

Kaupandi greiðir í öllum tilvikum fyrirfram sendingarkostnað varahluta og ferðakostnað vegna vinnu við viðgerð hins gallaða tækis.

1 árs ábyrgð er tekin á vinnu við uppsetningu tækisins ábyrgðin hefst við gangsetningar dag.

Í ákveðnum tilvikum getur kaupandi fengið afhenta varahluti og séð um skipti þeirra enda sé verkið framkvæmt af viðurkenndum þjónustuaðila og miðast við að hin gallaða vara sé send seljanda án tafar.

Fujitsu Waterstage monoblock

1 árs ábyrgð er á öllum varahlutum í **Waterstage monoblock varmadælum frá Fujitsu.**

Ábyrgð þessi gildir um alla varahluti sem sannanlega þarf að skipta út vegna galla á ábyrgðartímanum og takmarkast við eðlilegan rekstur tækisins. Ábyrgðarskilmálar þessir eru að öðru leiti sambærilegir við skilmála waterstage split-type varmadæla hér að ofan.

MTA HAries Tech

1 árs ábyrgð er á öllum varahlutum í **HAST Aries varmadælur frá M.T.A Spa.**

Ábyrgðin gildir frá gangsetningardegi tækisins eða að hámarki 18 mánuði frá viðtöku þess.

Ábyrgðin nær einungis til afhendingar nýs varahlutar á aðsetri seljanda eða ef tækið er utan bæjarmarka seljanda til móttökustöðvar viðurkenndra flutningsaðila.

Ábyrgðin gildir ekki um flutning eða vinnu vegna ísetningar.

Í þeim tilfellum sem um 1 árs varahluta- eða þjónustuábyrgð er að ræða er hægt að semja um auk lögbundinnar 1 árs framleiðandaábyrgðar 2 ára viðbótarábyrgð á varahlutum frá umboðsaðila, ábyrgðin er háð reglubundnu eftirliti samkvæmt þjónustusamningi og því að skilyrði samnings og notendahandbókar um notkun tækisins séu uppfyllt.